



## Lög fyrir Sölusamband íslenskra fiskframleiðenda - SÍF, 1935

Bjarni Benediktsson – Lög fyrir Sölusamband íslenskra fiskframleiðenda - SÍF, 1935

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

Einkaskjalasafn nr. 360  
Stjórnmálamaðurinn  
Askja 2-4, Örk 2

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

*Arnólf Guðmundsson*

~~LÖG~~

FYRIR

SÖLUSAMBAND  
ÍSLENZKRA FISKFRAMLEIÐENDA

---

REYKJAVÍK — ÍSAFOLDARPRENTSMÍÐJA H.F.  
M C M X X X V

# L Ö G

FYRIR

SÖLUSAMBAND  
ÍSLENZKRA FISKFRAMLEIÐENDA

---

REYKJAVÍK — ÍSAFOLDARPRENTSMIÐJA H.F.  
M C M X X X V

tekið svæði, skrásett samvinnufélög, enda taki ekki aðrir en fiskframleiðendur og fiskeigendur þátt í fulltrúakosningu, svo og sambönd samvinnufélaga, sem hafa fisk meðlima sinna í umboðssölu, samvinnuútgerðarfélög og útgerðarfélög bæja og sveitarfélaga, og tilnefna þá stjórnir þessara aðilja fulltrúana, enda hafi hver ofangreindra aðilja til umráða að minnsta kosti 1000 skpd. saltfisks.

- 2) Einstakir útgerðarmenn, útgerðarfélög önnur en samvinnufélög, og aðrir fiskeigendur, enda ráði hver þessara aðilja yfir að minnsta kosti 1500 skpd. saltfisks. Skippundatalan miðast við verk-aðan fisk.

#### 4. gr.

Hver sá, sem óskar upptöku í S. Í. F., skal senda stjórn þess skriflega beiðni og sendir hún þá umsækjanda skilríki um, að hann sé viðurkenndur félagi, uppfylli hann þau skilyrði, sem sett eru í þriðju grein.

#### 5. gr.

Án samþykkis félagsstjórnarinnar er félagsmönnum óheimilt að selja utanfélagsmönnum fisk, sem ætlaður er til útflutn-

ings, sem saltfiskur, á hvaða verkunarstigi sem fiskurinn er. Skylt er félagsmönnum að gefa félagsstjórn hvenær sem krafist er nauðsynlegar upplýsingar um fiskmagn þeirra, tegund fisks og verkun. Sá, sem vanrækir að gefa slíkar upplýsingar á tilskildum tíma, hefir ekki kröfu til jafnaðarverðs samkv. 6. gr. fyrir þann fisk, sem vanrækt hefir verið að gefa upplýsingar um. Sá, sem gefur vísvitandi rangar eða villandi upplýsingar, sæti sektum samkv. 17. gr.

Nú þykir félagsstjórn brýn nauðsyn bera til að hlutast til um fiskverkun félagsmanna, til þess að tryggja, að hinir ýmsu markaðir notist sem bezt, og ber félagsmönnum þá að hlíta fyrirmælum hennar í því efni, enda bíði þeir ekki halla af þessum ráðstöfunum.

#### 6. gr.

Skylt er að greiða sama verð fyrir allan fisk sömu tegundar jafnan að gæðum, tilbúinn til útflutnings á sama tíma, eða á tímabili, sem félagsfundur eða félagsstjórn ákveður.

#### 7. gr.

Hver félagi ber fulla ábyrgð gagnvart S. Í. F. á fiski þeim, er hann afhendir til

sölu, og verði það skaðabótaskyld við kaupanda vegna vörugalla, afhendingardráttar, eða annara sjálfráðra vanefnda, hefir S. Í. F. endurgjaldsrétt hjá hlutaðeigandi félaga.

Verði Sölusambandið fyrir öðru ófyrir-sjáanlegu tjóni, skal hver félagsmaður bera ábyrgð á því í hlutfalli við fiskmagn það, er hann hefir falið S. Í. F. að selja.

#### 8. gr.

Til verðjöfnunar eftirá, svo og til að standast rekstrarkostnað S. Í. F., skal hald-*ið* eftir nokkrum hluta af andvirði fisksins, allt eftir nánari reglum, er stjórn S. Í. F. setur.

#### 9. gr.

Varasjóður skal stofnaður og í hann renna  $\frac{1}{4}\%$  af andvirði hins selda fisks.

#### 10. gr.

Aðalfundur skal haldinn einu sinni á ári eigi síðar en í októbermánuði, og aukafundir þegar stjórn S. Í. F. telur nauðsyn á, eða að minnsta kosti einn fjórði hluti atkvæðamagns óskar þess. Fundir skulu boðaðir með minnst 14 daga fyrirvara í útvarpi og blöðum. Dagskrá skal jafnan greina í fundar-

boði. Sæti á fundum þessum eiga fulltrúar félaga og fyrirtækja, sem eru þáttakendur eða umboðsmenn þeirra ásamt stjórn, framkvæmdarstjórum og endurskoðendum. Aðalfundur hefir æðsta vald í félagsmálum. Hann kýs stjórn og endurskoðendur S. Í. F., úrskurðar reikninga þess og gjörir aðrar þær ákvarðanir, er S. Í. F. varðar. Fundir eru lögmætir, þegar meiri hluti félaga eða fulltrúar þeirra er mættur. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á fundum, nema þar sem lög þessi mæla fyrir á annan hátt.

#### 11. gr.

Hver þáttakandi í félaginu hefir eitt atkvæði og til viðbótar hafa þeir fulltrúar, sem falla undir 3. gr.: 1) eitt atkvæði fyrir hver 1000 skippund fisks umfram tilskilið lágmark fiskmagns, sem þeir ráða yfir, og þeir, sem falla undir 3. gr.: 2) eitt atkvæði fyrir hver 1500 skippund, sem þeir hafa umfram tilskilið lágmark. Þó má enginn þáttakandi fara með meira atkvæðamagn fyrir sjálfan sig og aðra en 8 % af heildar-atkvæðamagni félagsins. Þáttakendur skv. 3. gr. 1) mega ekki fela öðrum en fulltrúum sínum eða varamönum þeirra að fara með atkvæði þeirra á félagsfundum.

Atkvæðamagn skal miðast við fiskmagn

undanfarins árs og hefir fiskframleiðandi umráð yfir öllu atkvæðamagninu að undanskildu því, er hann hefir selt innanlands. Sé um ný skip eða ný fyrirtæki að ræða, skal þeim fengið atkvæðamagn, er miðast við eðlilegt fiskmagn. Sé skip selt, fer hinn nýi eigandi með atkvæði þau, er afli þess veitir.

## 12. gr.

Stjórn S. Í. F. skipa 7 menn og 7 til vara.

Nú notfærir ráðherra sér heimild laga um fiskimálanefnd o. fl. til íhlutunar' um stjórn S. Í. F. og kýs þá aðalfundur 5 menn í stjórnina, en ella 7 og jafn marga til vara. Kjörtímabil er eitt ár. Hlutfallskosning skal viðhöfð, ef fundarmenn, sem fara með minnst  $\frac{1}{5}$  atkvæðamagns fundarins, óska þess. Varamenn taki sæti aðalmannna í sömu röð og þeir eru kosnir (1. varamaður taki sæti 1. aðalmanns o. s. frv.). Stjórnin kýs sér formann og varafomann úr sínum flokki, til eins árs í senn. Formaður kveður til funda og stjórnar þeim. Stjórnarfundir eru lögmætir, þegar meiri hluti er mættur. Afl atkvæða ræður úrslitum, en séu þau jöfn, ræður atkvæði formanns. Allar fundargerðir stjórnarinnar skulu ritáðar í gerðabók og skrifa viðstaddir stjórnendur undir þær.

Stjórnin sér um rekstur félagsins og gætir hagsmuna þess í öllum greinum. Hún kveður til félagsfunda og undirbýr fundarmálefni, sér um framkvæmd á ályktunum fundanna, leggur fyrir aðalfund til úrskurðar endurskoðaða reikninga S. Í. F. fyrir næsta ár á undan. Laun stjórnarinnar skulu ákveðin á aðalfundi.

## 13. gr.

Stjórn S. Í. F. ræður þrjá framkvæmdarstjóra til að veita starfsemiinni forstöðu og annast daglegar framkvæmdir. Hún semur um laun þeirra og gerir við þá starfssamning, er sé uppsegjanlegur af beggja hálfu með ákveðnum fyrirvara. Þó getur stjórnin vikið framkvæmdarstjóra frá starfi fyrirvaralaust, ef hún álítur það nauðsynlegt vegna hagsmuna S. Í. F.

Sé maður úr stjórninni ráðinn framkvæmdarstjóri, tekur varamaður sæti hans bar.

## 14. gr.

Allir þeir samningar, er stjórnin eða framkvæmdarstjórar gera fyrir hönd S. Í. F. skv. lögum þessum, eru bindandi fyrir félagsheildina og hvern einstakan félaga. Meiri hluti stjórnarinnar ritar sameiginlega

firma S. Í. F., en framkvæmdarstjórar hafa prókúru-umboð. Stjórn og framkvæmdarstjórar bera ábyrgð gerða sinna gagnvart aðalfundi.

## 15. gr.

Endurskoðun reikninga hafa á hendi tveir menn, er aðalfundur kýs, og skal annar þeirra vera löggiltur endurskoðandi. Á sama hátt skal kjósa two menn til vara. Endurskoðendur skulu sannprófa, að reikningum S. Í. F. beri saman við bækur þess, enda eigi þeir aðgang að öllum bókum og skjölum, hvenær sem er á starfstímanum, og er stjórn og framkvæmdarstjórum skyldt að veita þeim þær upplýsingar, sem þeim eru nauðsynlegar við framkvæmd starfsins. Nú verða þeir varir við misfellur, og skulu þeir þá hlutast til um við stjórn og framkvæmdarstjóra, að bót verði á ráðin. Endurskoðendur bera ábyrgð fyrir aðalfundi. Aðalfundur á-kveður laun þeirra.

## 16. gr.

Reikningsár S. Í. F. er frá 1. júlí til 30. júní. Endurskoðaðir reikningar félagsins skulu liggja frammi félagsmönnum til at-hugunar hálfan mánuð fyrir aðalfund.

Prenta skal árlega skýrslu stjórnarinnar og reikning S. Í. F. og útbýta meðal félaga.

## 17. gr.

Ef félagi selur fisk sinn utan S. Í. F. án samþykkis stjórnarinnar, varðar það sektum, 15 — fimmtán — krónum fyrir hvert skippund fisks. Brot gegn lögum þessum að öðru leyti varða sektum, 100 til 50.000 kr., er renna til S. Í. F.

## 18. gr.

Lögum þessum verður ekki breytt nema á aðalfundum, og sé að minnsta kosti  $\frac{2}{3}$  atkvæða samþykkir breytingunni. Breytingar á lögum, sem ekki hafa verið tilkynntar í fundarboði, geta því aðeins öðlast gildi, að  $\frac{3}{4}$  hlutar atkvæðamagns fundarmanna samþykki þær.

## 19. gr.

Hver félagi á rétt á að segja sig úr S. Í. F., enda tilkynni hann það stjórninni skriflega fyrir 1. marz og miðaft þá úrsögnin við lok reikningsársins. Þó er enginn félagsmaður laus við skuldbindingar sínar við S. Í. F. fyrr en birgðir yfirstandandi reikningsárs eru seldar og reikningsskilum lokið, sbr.

þó 7. gr. Stjórn S. Í. F. sendir viðurkenningu fyrir úrsögninni.

20. gr.

Nú minnkar þátttaka svo, að félagið verður ekki löggilt áfram sem aðalútflytjandi skv. lögum um fiskimálanefnd o. fl., og er þá heimilt að leggja félagið niður, enda ráðstafi þá félagsfundur eignum félagsins.

#### **Bráðabirgða-ákvæði.**

Fyrsti aðalfundur S. Í. F. skal haldinn á árinu 1936.

---